

yfirlýsingunni þykir ekki nægjanlega upplýst, að stefnandi hafi lofað greiðslu á helmingi áðurnefndra sölulauna. Verður gagnkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 351.626 (160.000 + 8.000 + 55.000 + 14.686 + 60.000 + 53.940) með vöxtum, sem rétt þykir að ákveða 13% ársvexti frá 12. júní 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1979 og 20% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 500.000.

Dómsorð:

Stefndi, Anton Erlendsson, greiði stefnanda, Sigfúsi J. Johnsen, kr. 351.626 með 13% ársvöxtum frá 12. júní 1976 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 20% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 500.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1982.

Nr. 218/1982. **Ákærvaldið**

gegn

Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. nóvember 1982. Þann dag hafði Örn Höskuldsson héraðs-dómslögmaður, skipaður réttargæslumaður varnaraðilja, kynnt honum úrskurðinn. Varnaraðili hafði þá verið úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 dögum frá 10. s. m., en fékkst hvorki til að tjá sig fyrir lögreglu né dómara.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 12. nóvember 1982.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en ríkissaksóknari krefst þess, að hann verði staðfestur.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

9. nóvember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 9. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Tveir aðiljar hafa í dag verið yfirheyrðir hjá lögreglu í Reykjavík um ætlað fíkniefnamisferli. Báðir hafa viðurkennt umtalsverðar sakir og vísað á tiltekinn aðilja sem útveganda kannabisefna, nánar hassefna og hassolíu.

Rúnar Birgir Sigurðsson viðurkendi að hafa um alllangt skeið eða liðlega það, sem af er ári, átt fíkniefnaviðskipti við Ágústu Guðmundsdóttur og ávallt að Laugavegi 43 hér í borg. Greindur Rúnar taldi sig ekki að svo komnu geta áætlað keypt heildarefnismagn á nefndu tímabili nánar en svo, að um hafi verið að ræða 200—300 gr af hassi og 30—40 gr af hassolíu. Rúnar þessi hefur þegar nafngreint 8 aðilja, er lagt hafi honum fé til nefndra kaupa, og mótttekið efni í samræmi þar við. Sundurliðað hassmagn til þeirra aðilja, sem á þessu stigi hafa þó ekki verið yfirheyrðir, virðist samtals 270 gr, en hassolía 41 gr.

Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. júlí 1958, kveðst í fyrstu hafa orðið samferða kunningja sínum Rúnari Birgi ofangreindum til hasskaupa þess síðarnefnds af Ágústu Guðmundsdóttur að Laugavegi 43 hér í borg. Fyrir tæpum 4 mánuðum hafi nefndur Jón Heiðar tekið að versla beint við Ágústu þessa og frá þeim tíma samtals af henni keypt nálægt 200 gr af hassi og 10 gr af hassolíu. Jón Heiðar nefndi sem dæmi um slík viðskipti, að fyrir 2—3 vikum hefði hann af Ágústu þessari í einu keypt 40 gr af hassi fyrir samtals kr. 10.000.00 og sl. þriðjudag eða miðvikudag 10 gr af hassolíu fyrir samtals 8.000.00 kr. Hafi Ágústa afgreitt síðastnefnt úr sprautu, er gæti hafa innihaldið allt að 50 gr af nefndri olíu. Áðurgreindur Jón Heiðar kvað kaup hafa verið gerð fyrir framlagsfé ýmissa aðilja, er mótttekið hefðu efni í samræmi við það. Ekki liggur á þessu stigi fyrir, hverjir þeir aðiljar eru, en Jón Heiðar Reynisson virðist í lögregluþyrheyrslu gefa til kynna, að hann sé nú að hugsa það mál og leggja niður fyrir sér nánar.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en rannsókn þó enn á frumstigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 48. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila, að leit megi gera í vistarverum Ágústu Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, að Laugavegi 43 hér í borg að sakargögnum. Leitarheimild nær til læstra hirslna, ef þörf krefur.

Úrskurðarorð:

Leit skal gera að sakargögnum í vistarverum Ágústu Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, að Laugavegi 43 hér í borg, og nær nefnd heimild til leitar í læstum hirslum, ef þörf krefur.
